



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík  
[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)

Borg, 4. september 2019

**Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps fyrr í dag, þann 4. september 2019 var lögð fram til umsagnar tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Eftirfarandi bókun var gerð:

**12. Birt til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga.**

*Fyrir liggur að birt er til umsagnar frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga. Málinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 21. ágúst 2019 og nú tekið fyrir að nýju.*

*Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mótmælir harðlega þeim áformum sem koma fram í þingsályktunartillögu sveitarstjórnarráðherra að beita lögþvingunum til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Sveitarstjórn hvetur ríkisstjórn og Alþingi til að virða lýðræðislegan rétt íbúa til að eiga val um það með kosningarétti sínum hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið valkostur en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra. Mikið er lagt upp úr tveimur atriðum, lýðræði og sjálfstjórnarrétti í tillögu ráðherra og telur sveitarstjórn að tillaga um lágmarksfjölda íbúa sé í algerrri andstæðu við þær lýðræðislegu áherslur sem koma fram að öðru leyti í tillögunni.*

Virðingarfyllst,  
f.h. sveitarstjórnar



Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri